



Alþingi
Nefndasvið

MEÐ TÖLVUPÓSTI

SÍBS | Iceland Patient Association

Borgartún 28a | IS-105 Reykjavík | Iceland
+354 560 4800 | sibs@sibs.is

Umsögn um þingsályktunartillögu um lýðheilsumat (408. mál)

SÍBS styður eindregið fram komna þingsályktunartillögu um lýðheilsumat. Við ákvörðun um matssskyldar aðgerðir þarf að líta til vinnulags við umhverfismat fremur en afmarka við stjórnarfrumvörp eða stjórnvaldsákvarðanir. Þá þarf að tryggja aðkomu breiðs hóps hagaðila að útformun matsins.

Til þess að endurtaka ekki þegar fram komnar röksemdafærslur um sama mál frá fyrra löggjafarþingi skal bent á nokkrar efnahagslegar staðreyndir málinu til stuðnings:

Sjúkdómsbyrði Íslendinga miðað við höfðatölu hefur farið vaxandi frá 2014 samkvæmt tölum frá Institute for Health Metrics and Evaluation¹. Ísland nálgast eitt hundrað þúsund mannaári varið við sjúkdóm eða skerðingu á ári (DALY). Margfaldað með riflega 10 milljón króna landsframleiðslu á mann má segja að vanheilsa kosti þjóðarþúið 1000 milljarða á ári hverju þótt vitanlega sé ómögulegt að forðast þetta allt.

Meðalævilengd hefur staðið í stað síðustu ár samkvæmt tölum Hagstofunnar² á sama tíma og ævilengd t.d. Bretá og Bandaríkjamanna er þegar byrjuð að stytast – sem gæti verið vísbending um hvað er í vændum. Til dæmis virðist bylgja sykursýki rétt að hefjast á Íslandi miðað við framangreind lönd.

Íslendingar búa við firnasterkt heilbrigðiskerfi sem þó er að mestu leyti stillt inn á að bregðast við sjúkdómum en ekki koma í veg fyrir þá. Kerfislæg áhersla á forvarnir er öflugasta tækið sem við eigum í baráttunni við sjúkdómsbyrðina. Formlegt ferli um lýðheilsumat er þar lykilatriði.

Reykjavík 5. desember 2023

Guðmundur Löve
framkvæmdastjóri SÍBS

¹ Institute for Health Metrics and Evaluation (IHME). GBD Compare Data Visualization. Seattle, WA: IHME, University of Washington, 2020. Available from <http://vizhub.healthdata.org/gbd-compare>. (sótt 2023-12-05)

² https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_Faeddirdanir_danir_danir/MAN05401.px/